

5.3 Finnum stærð horna

Á vasareiknum, undir „tan“ takkanum, er skipunin „tan⁻¹“. Hún gefur okkur upp hornastærð ef við stimplum inn lengd skammhliðanna.

Við setjum dæmið upp á þennan hátt:

$$(\angle A) = \tan^{-1}\left(\frac{\text{mót.sk.}}{\text{aðl.sk.}}\right)$$

Ath. Á sumum vasareiknum þarf að setja tölurnar í sviga.


Sýnidæmi

Reiknaðu stærð hornsins A.

$$(\angle A) = \tan^{-1}(\text{m.sk.}/\text{a.sk.})$$

$$(\angle A) = \tan^{-1}(16/10)$$

$$(\angle A) = 58^\circ$$



Á sama hátt getum við reiknað út hornið B. Þá stillum við okkur upp í horninu B og hliðarnar skipta um sæti. Formúlan breytist ekkert.

$$(\angle B) = \tan^{-1}(\text{m.sk.}/\text{a.sk.})$$

$$(\angle B) = \tan^{-1}(10/16)$$

$$(\angle B) = 32^\circ$$

